

Íþróttta- og æskulýðsmál

Íþróttta- og æskulýðsmál er mikilvægur málaflokkur í rekstri sveitarfélaga. Rannsóknir bæði héraðs og erlendis hafa sýnt fram á jákvæð áhrif hreyfingar á sálfræðileg- og félagsleg gildi. *Heilbrigð sál í hraustum líkama* eru orð að sönnu. Bent hefur verið á forvarnargildi íþróttta- og æskulýðsstarfa, og hafa rannsóknir sýnt fram á að þeir sem stunda íþróttir séu líklegri til að fá hærri einkunn, séu með meira sjálfstraust og þjáist síður af kvíða og þunglyndi.

Aðstaða til íþróttaiðkunar á svæðinu er góð, samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum þá veita þau ýmsa þjónustu sem og styrki í málaflokkinn.

Blönduósbær



- vinnuskóli yfir sumarmánuðina, að jafnaði 35 unglingar við störf
- félagsmiðstöðin Skjólíð, umsjónaraðili Blönduskóli
- íþróttamiðstöð starfrækt allt árið, íþróttasalir, 25 m sundlaug, heitir pottar, vaðlaug og þreksalur.
- sumargaman fyrir 6 - 10 ára börn
- styrkir með umtalsverðum hætti ýmsa félagastarfsemi - listi neðst

Sveitarfélagið Skagaströnd



- vinnuskóli yfir sumarmánuðina
- sundlaug opin allt árið, skertur opnunartíma á veturna
- íþróttahús opið allt árið, nýtt að hluta sem kennsluhúsnæði, opnunartími skertur yfir sumarmánuðina
- styrkir með umtalsverðum hætti ýmsa félagastarfsemi - listi neðst

Húnavatnshreppur




- vinnuskóli í samstarfi við Landsvirkjun Blöndustöð
- sundlaug að Húnavöllum rekin í samstarfi við rekstraraðila Hótel Húna
- íþróttahús opið íbúum sveitarfélagsins yfir vetrarmánuðina
- styrkir með umtalsverðum hætti ýmsa félagastarfsemi - listi neðst

Samkvæmt Árbók sveitarfélaga er framlag sveitarfélaganna í A-Hún til íþróttta- og æskulýðsmála í krónum á árinu 2016 eins og sjá má á mynd 1. Samkvæmt Árbókinni er meðaltal á íbúa allra sveitarfélaga landsins kr. 74.304.-

Í samtölum við íbúa kom fram að nú þegar er þó nokkur samvinna hvað íþróttaiðkun barna og unglinga varðar sem teygir sig yfir til Skagafjarðar. Ekki var annað að heyra en ánægja væri með þetta en gera mætti betur og umræður um almenningsamgöngur/frístundavagna voru nefnd sem forsenda fyrir frekara samstarfi. Til gamans má benda á umfjöllun í þjóðlífsþættinum Landinn á RÚV af samstarfi vestfirðinga og vestlendinga í körfubolta og segir frá því að drengirnir aka allt að fimm klukkustundir til að æfa saman. Hér er hlekkur inn á umfjöllun um málið í Landanum

<http://www.ruv.is/sjonvarp/horfa/landinn/24084?ep=7lsb3j>



Mynd 1.

Styrkir sveitarfélaga í A-Hún.

Blönduósbær styrkir:

- ✓ *Umf. Hvöt sem er með knattspyrnudeild, íþróttaskóla, sunddeild ofl.*
- ✓ *USAH, sem er með frjálsar íþróttir og fleira í A-Hún*
- ✓ *Golfklúbbinn Ós sem er með golfvöll í Vatnahverfi*
- ✓ *Hestamannafélagið Neista sem er með starfsemi í Arnargerði*
- ✓ *Júðfélagið Pardus*
- ✓ *Skotfélagið Markviss*
- ✓ *Félag eldri borgara vegna hreyfistunda(leikfimi)*

Sveitarfélagið Skagaströnd styrkir:

- ✓ *Ungmennafélagið Fram*
- ✓ *Golfklúbb Skagastrandar*
- ✓ *Hestamannafélagið Snarfara*
- ✓ *Björgunarsveitina Strönd*
- ✓ *Ungmennasambands Austur-Húnvetninga.*

Húnavatnshreppur styrkir:

- ✓ *Ungmennafélagið Geisla*
- ✓ *Ungmennafélag Bólstaðarhlíðarhrepps*
- ✓ *Ungmennasambands Austur-Húnvetninga.*

Skagabyggð styrkir:

- ✓ *Ungmennasamband Austur-Húnvetninga.*